

Sp.

32. Tillaga til þingsályktunar

[32. mál]

um athuganir á hafnarframkvæmdum.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara rannsókn á möguleikum til hafnargerðar í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu og við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu. Rannsóknnum þessum verði hraðað svo, að þeim verði lokið á árinu 1961, ef mögulegt er.

Greinargerð.

Strandlengja Suðurlands hefur verið hafnlaus og það valdið miklum örðugleikum fyrir Sunnlendinga. Fyrir nokkrum árum var hafizt handa um hafnargerð í Þorlákshöfn. Þótt þeim framkvæmdum hafi miðað hægt áfram, má þó segja, að þar sé kominn visir að höfn. Má vænta þess, að á næsta sumri komi verulegur skriður á hafnarframkvæmdir í Þorlákshöfn, þar sem ríkisstjórnin hefur samþykkt að verja í því skyni um 45 millj. kr. af erlendu lánsfé, sem tekið verður vegna þessara framkvæmda. Er því ljóst, að hafnargerð í Þorlákshöfn verður örugglega framkvæmd, og er það vitanlega mjög til hagsbóta.

En strandlengjan frá Þorlákshöfn að Hornafirði er löng, og er nauðsynlegt að fá fleiri hafnir á þessu svæði, ef nokkur kostur er.

Tillaga þessi fer fram á, að rannsókn verði látin fram fara á hafnargerð í Þykkvabæ og við Dyrhólaey.

Árið 1952 lét varnarliðið gera allýtarlega athugun á hafnargerð í Þykkvabæ. Mun sú athugun hafa leitt í ljós, að hafnargerð þar er möguleg. Hitt er ekki vitað, hve hár kostnaður var áætlaður við framkvæmdina. Líklegt má telja, að áætlun varnarliðsins hafi miðast við stærri höfn en nauðsynleg væri, miðað við íslenska atvinnuvegi. Ef til vill mætti fá upplýsingar um áætlanir varnarliðsins og styðjast að einhverju leyti við þær niðurstöður, sem þar fengust. Er ekki að efa, að höfn í Þykkvabæ gæti orðið stór lyftistöng fyrir Sunnlendinga, bæði sem fiskihöfn og samgöngubót. Þá er og rétt að hafa í huga stórvirkjun í Þjórsá og iðjuver, sem upp myndu rísa í því sambandi.

Ekki þarf að minna á, að strandlengjan frá Þykkvabæ til Dyrhólaeyjar er mjög löng, og væri því mikið atriði fyrir austurhluta Rangárvallasýslu og Vestur-Skaftafellssýslu, ef takast mætti að gera höfn þar. Höfn við Dyrhólaey gæti gegnt tvíþættu hlutverki, því að bæta samgöngurnar og einnig sem bátahöfn, þar sem Dyrhólaey liggur mjög vel við fiskimiðum.

Á árinu 1956 var samþykkt tillaga til þingsályktunar, sem þáverandi þm. V.-Sk., Jón Kjartansson, flutti, um athugun á hafnarbótum við Dyrhólaós. Athugun sú mun ekki hafa farið fram, hvað sem valdið hefur.

Flutningsmenn þessarar tillögu leggja kapp á, að rannsókninni verði hraðað, svo að fyrir liggja nákvæm niðurstaða um, hvort kleift sé eða hagkvæmt að leggja í hafnarframkvæmdir á tilteknum stöðum.